

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 371/2010

2012/EES/19/15

frá 16. apríl 2010

um að skipta út V., X., XV. og XVI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-
sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/
EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á
vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum,
íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík
ökutæki (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 41. gr., 5. mgr.
11. gr. og 2. mgr. 39 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/46/EB er komið á samhæfðum ramma sem inniheldur stjórnsýsluákvæði og almennar tæknilegar kröfur vegna allra nýrra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskildra tæknieininga. Tilskipunin nær sérstaklega til lýsingar á þeim aðferðum sem fylgja skal að því er varðar gerðarviðurkenningu, þ.m.t. hagnýtar ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja að ökutæki séu framleidd í samræmi við gerðarviðurkenningarskjöl, sem og ákvæði um það hvernig annast skuli prófanir svo hægt sé að veita gerðarviðurkenningu.
- 2) Þegar CARS 21, nefnd háttsettra embættismanna sem framkvæmdastjórnin skipaði árið 2005 til þess að kortleggja leiðina að sjálfbærri þróun á samkeppnishæfum evrópskum bílaiðnaði, tók til skoðunar helstu málaflokka sem áhrif hafa á samkeppnishæfni í evrópskum bílaiðnaði samþykkti hún fjölda tilmæla sem beinast að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni og atvinnu í iðnaðinum sem og viðhalda frekari framförum hvað varðar öryggi og árangur í umhverfismálum. Á sviði einföldunar mælti

nefndin með því að tekinn yrði upp sá möguleiki að framleiðandi framkvæmi sjálfur þær prófanir sem krafist er til viðurkenningar, sem felur í sér að hann sé tilnefndur sem tækniþjónusta (hér eftir „sjálfsprófun“). Hún mælti einnig með þeim möguleika að nota tölvuhermitækni í stað þess að framkvæma raunverulegar prófanir (hér eftir „sýndarprófun“).

- 3) Einn af helstu þáttum gerðarviðurkenningarkerfisins er hið mikla traust sem verður að ríkja milli viðurkenningaryfirvalds og tækniþjónustunnar sem það hefur tilnefnt. Því er mikilvægt að skjöl sem tækniþjónusta og viðurkenningaryfirvald skiptast á tryggi gagnsæi og skýrleika. Vegna þessa ætti snið prófunarskýrlnanna, sem og þær upplýsingar sem þar þurfa að koma fram, að vera tilgreint með skýrum hætti í V. viðauka tilskipunar 2007/46/EB, sem tengist þeim aðferðum sem fylgja skal að því er varðar gerðarviðurkenningu.
- 4) Sannprófun á samræmi ökutækjanna, íhluta eða aðskildra tæknieininga í öllu framleiðsluferlinu er mikilvægur hluti gerðarviðurkenningarkerfisins. Ein leiðanna til að sannprófa samræmi framleiðslu er sú að framkvæma raunverulegar prófanir á ökutækjum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem tekin eru úr framleiðslunni til þess að tryggja að þau uppfylli enn tæknilegar kröfur. Jafnvel þegar sýndarprófunaraðferðir hafa verið notaðar til gerðarviðurkenningar ætti að vera skýrt að aðeins skal framkvæma raunverulegar prófanir þegar yfirvald velur sýnishorn með slembiúrtaki.
- 5) Tækniþjónusta, sem gerðarviðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna hafa tilhlýðilega tilkynnt um eftir að færni hennar og hæfni hafa verið metin samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum stöðlum, framkvæmir prófanir þær

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 110, 1.5.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 263, 9.10. 2007 bls. 1.

sem krafist er vegna veitingar gerðarviðurkenningar. Í þessum stöðlum er að finna nauðsynlegar kröfur til að gera viðurkenningaryfirvaldi kleift að tilnefna framleiðanda eða undirvertaka sem kemur fram fyrir hans hönd sem tækniþjónustu í skilningi tilskipunar 2007/46/EB. Mikilvægt er þó að tilgreina hvert ábyrgðarsvið framleiðenda er til þess að koma í veg fyrir mögulega hagsmunaárekstra, sérstaklega þegar undirverttaki framkvæmir prófanir.

- 6) Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli, þar sem tilnefna má framleiðanda sem tæknilega þjónustu, er í XV. viðauka við tilskipun 2007/46/EB. Nauðsynlegt er að breyta þeirri skrá svo að hún samræmist tilmælum nefndar háttsettra embættismanna, CARS 21.
- 7) Tölvustudd tækni, einkum tölvustudd hönnun, er útbreidd um gervallt verkfræðiferlið allt frá frumdrögum að hönnun og útfærslu íhluta og búnaðar til styrkleika- og hreyfigreiningar á samsetningum og skilgreininga á framleiðsluaðferðum. Sá hugbúnaður sem til er gerir notkun sýndarprófunaraðferða sem byggja á þessari tækni mögulega en CARS 21 nefnd háttsettra embættismanna tilgreindi innleiðingu þeirra sem leið til að draga úr kostnaði framleiðenda með því að afnema skylduna til að byggja frumgerðir vegna gerðarviðurkenningar. Til þess að samræmast tilmælum nefndarinnar er nauðsynlegt að gera skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli þar sem sýndarprófanir eru leyfðar.
- 8) Sýndarprófunaraðferð skal gefa jafn áreiðanlegar niðurstöður og raunveruleg prófun. Því er viðeigandi að mæla fyrir um viðeigandi skilyrði til að tryggja að rétt fullgilding á reiknilíkönunum fari fram.
- 9) Það er viðeigandi með tilliti til þess að tryggja rétta beitingu gerðarviðurkenningarkerfisins að uppfæra viðaukana við tilskipun 2007/46/EB í því skyni að laga þá að framförum á sviði vísinda- og tækni. Þar sem

ákvæði þessara viðauka eru nægilega nákvæm og þarfnast ekki frekari lögleiðingarráðstafana af hálfu aðildarríkjanna er því viðeigandi að skipta þeim út með reglugerð í samræmi við 8. mgr. 39. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

- 10) Því ber að breyta V., X., XV. og XVI. viðauka við tilskipun 2007/46/EB til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2007/46/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað V. viðauka komi textinn sem settur er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.
2. Í stað X. viðauka komi textinn sem settur er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.
3. Í stað XV. viðauka komi textinn sem settur er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.
4. Í stað XVI. viðauka komi textinn sem settur er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. apríl 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

*I. VIÐAUKI**V. VIÐAUKI***AÐFERÐIR SEM FYLGJA SKAL AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EB-GERÐARVIÐURKENNINGU****0. Markmið og gildissvið**

0.1. Í þessum viðauka er ákveðin aðferð fyrir rétta beitingu gerðarviðurkenningar ökutækja í samræmi við ákvæði 9. gr.

0.2. Þetta tekur einnig til:

- a) skrár yfir alþjóðlega staðla sem varða tilnefningu tækniþjónustu í samræmi við 41. gr.,
- b) lýsingar á aðferð sem fylgja skal til að meta færni tækniþjónustu í samræmi við 42. gr.,
- c) almennra krafna um gerð tækniþjónustu á prófunarskýrslum.

1. Gerðarviðurkenningarferli

Þegar viðurkenningaryfirvald tekur á móti umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis skal það:

- a) sannprófa að öll EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,
- b) ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn í I. hluta upplýsingaskjalsins um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasöfnunum og EB-gerðarviðurkenningarvottorðunum með skirskotun til viðurkenninga á grundvelli viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæla,
- c) ef lið í I. hluta upplýsingaskjals vantar í upplýsingasafn stjórnvaldsfyrirmæla, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,
- d) skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu sýnishorni ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni með tilliti til viðkomandi EB-gerðarviðurkenningarvottorðs,
- e) athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,
- f) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn, sem kveðið er á um í 1. og 2. neðanmálsgrein í I. hluta IV. viðauka, sé fyrir hendi þar sem það á við,
- g) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að kröfur, sem kveðið er á um í 5. neðanmálsgrein í I. hluta IV. viðauka, séu uppfylltar.

2. Samsetning tækniforskrifta

Fjöldi ökutækja, sem leggja skal fram, skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

Tækniforskriftir	Ökutækjaflokkur									
	M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
Hreyfill	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Girkassi	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Fjöldi ása	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Aflásar (fjöldi, staðsetning og samtenging)	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Stýriásar (fjöldi og staðsetning)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Gerð yfirbyggingar	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Fjöldi dýra	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Stýri, hægra eða vinstra megin	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Sætafjöldi	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Umfang búnaðar	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—

3. Sértek ákvæði

Ef ekki eru tiltæk viðurkenningarvottorð fyrir nein af þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem við eiga skal viðurkenningaryfirvaldið:

- framkvæma eða láta framkvæma nauðsynlegar prófanir og athuganir eins og krafist er í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,
- sannprófa að ökutækið sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppu ökutækisins og að það standist tækniröfur allra viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla,
- athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskildra tæknieininga þar sem það á við,
- hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn, sem kveðið er á um í 1. og 2. neðanmálgrein í I. hluta IV. viðauka, sé fyrir hendi þar sem það á við,
- hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að kröfur, sem kveðið er á um í 5. neðanmálgrein í I. hluta IV. viðauka, séu uppfylltar.

*1. viðbætur***Staðlar sem aðilar sem um getur í 41. gr. þurfa að uppfylla**

1. Starfsemi sem tengist prófunum vegna gerðarviðurkenningar sem fara skulu fram í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í IV. viðauka:
 - 1.1. Flokkur A (prófanir sem framkvæmdar eru í eigin starfsstöð):

EN ISO/IEC 17025:2005 um almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa.

Tækniþjónusta sem tilnefnd er til starfsemi í flokki A getur framkvæmt eða haft umsjón með prófunum sem kveðið er á um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem hún hefur verið tilnefnd til í starfsstöð framleiðanda eða þriðja aðila.
 - 1.2. Flokkur B (umsjón með prófunum sem framkvæmdar eru í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila):

EN ISO/IEC 17020:2004, um almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

Tækniþjónusta skal áður en hún framkvæmir eða hefur umsjón með prófunum í starfsstöð framleiðanda eða þriðja aðila ganga úr skugga um að prófunaraðstaða og mælitæki uppfylli viðeigandi kröfur staðalsins sem um getur í lið 1.1.
2. Starfsemi sem tengist samræmi framleiðslu
 - 2.1. Flokkur C (aðferð við frummat og eftirlitsúttektir á gæðastjórnunarkerfi framleiðanda):

EN ISO/IEC 17021:2006 um kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa
 - 2.2. Flokkur D (skoðun eða prófun á sýnishorni úr framleiðslunni eða umsjón með þeim):

EN ISO/IEC 17020:2004, um almenn viðmið um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

2. viðbætur

Aðferð við mat á tækniþjónustu**1. Tilgangur þessa viðbætis**

- 1.1. Í þessum viðbæti eru sett skilyrði sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 42. gr., skal fylgja við aðferðina á mati á tækniþjónustu.
- 1.2. Þessar kröfur gilda að breyttu breytanda um sérhverja tækniþjónustu, óháð því hver réttarstaða hennar er (sjálfstæð stofnun, framleiðandi eða viðurkenningaryfirvald sem starfar sem tækniþjónusta).

2. Meginreglur við mat

Mat skal byggjast á að nokkrum meginreglum sé fylgt:

- óhæði, sem er grunnur að því að niðurstöðurnar séu óhlutdrægar og hlutlægar,
- gagnreyndri nálgun sem tryggir áreiðanlegar og samanburðarnákvæmar niðurstöður.

Úttektarmenn skulu sýna trúnað og ráðvendni. Þeir skulu virða trúnaðarkvöð og þagmælsku.

Þeir skulu greina satt og nákvæmlega frá ályktunum og niðurstöðum.

3. Fagkunnátta úttektarmanna

- 3.1. Aðeins úttektarmenn með þá tækni- og stjórnunarþekkingu sem til þarf mega framkvæma mat.
- 3.2. Úttektarmenn skulu hafa verið þjálfaðir sérstaklega til matsstarfsemi. Að auki skulu þeir búa yfir sértækri þekkingu á því tæknisviði sem tækniþjónustan mun stunda starfsemi sína á.
- 3.3. Með fyrirvara um liði 3.1. og 3.2. í þessum viðbæti skal matið sem um getur í 42. gr. framkvæmt af úttektarmönnum sem eru óháðir þeirri starfsemi sem meta skal.

4. Umsókn um tilnefningu

- 4.1. Tilhlýðilega viðurkenndur fulltrúi tækniþjónustunnar sem sækir um skal skila formlegri umsókn til lögbærs yfirvalds sem inniheldur eftirfarandi:
 - a) almenna lýsingu á tækniþjónustunni, þ.m.t. heiti viðskiptafyrirtækis, heiti, heimilisföng, réttarstaða og tæknileg tilföng,
 - b) nákvæma lýsingu, þ.m.t. ferilskrár starfsfólks yfir prófunum og stjórnunarstarfsmanna, þar sem kemur fram hæfni, bæði menntun og starfshæfni,
 - c) til viðbótar við það sem um getur hér að ofan skal tækniþjónusta sem notar sýndarprófunaraðferðir veita sannanir fyrir getu sinni til að vinna í tölvustuddu umhverfi,
 - d) almennar upplýsingar varðandi tækniþjónustuna, t.d. starfsemi hennar, tengsl við stærri viðskiptafyrirtæki ef einhver eru, og heimilisföng á öllum stöðum sem gildissvið tilnefningarinnar skal taka til,
 - e) samkomulag um að uppfylla kröfurnar varðandi tilnefningu og eftir atvikum aðrar skuldbindingar tækniþjónustunnar samkvæmt viðeigandi tilskipunum,
 - f) lýsingu á samræmismatsþjónustunni sem tækniþjónustan skuldbindur sig til að veita innan ramma viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli sem tækniþjónustan sækir um tilnefningu fyrir, þ.m.t. takmarkanir á getu eftir atvikum,
 - g) afrit af gæðahandbók tækniþjónustunnar.

4.2. Lögbært yfirvald skal fara yfir hvort upplýsingarnar sem tækniþjónustan veitir séu fullnægjandi.

5. Úttekt á tilföngum

Lögbært yfirvald skal fara yfir getu sína til að framkvæma mat á tækniþjónustu, með tilliti til stefnu sinnar, hæfni og tiltækileika viðeigandi úttektarmanna og sérfræðinga.

6. Mat falið undirverktökum

6.1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fela öðru tilnefningaryfirvaldi að framkvæma hluta mats sem undirverktaki eða óska eftir aðstoð frá tæknisérfræðingum sem önnur lögbær yfirvöld láta í té. Tækniþjónustan sem sækir um verður að samþykkja undirverktakana og sérfræðingana.

6.2. Lögbært yfirvald verður að taka tillit til faggildingarvottorða með fullnægjandi gildissvið til að ljúka heildarmati sínu á tækniþjónustunni.

7. Undirbúningur mats

7.1. Lögbært yfirvald skal formlega skipa matshóp. Fyrirnefndi aðilinn skal tryggja að sérhverju mati sé fundin viðeigandi sérþekking. Hópurinn í heild skal einkum:

- a) búa yfir viðeigandi þekkingu innan þess sviðs sem sótt er um tilnefningu á og
- b) búa yfir nægilegum skilningi til að meta með áreiðanlegum hætti hæfni tækniþjónustunnar til að starfa innan gildissviðs tilnefningarinnar.

7.2. Lögbært yfirvald skal skilgreina með greinilegum hætti verkefnið sem matshópnum er fengið. Verkefni matshópsins er að fara yfir skjölin frá tækniþjónustunni sem sækir um og að framkvæma vettvangsmat.

7.3. Lögbært yfirvald skal ákveða í samráði við tækniþjónustuna og tilnefnda matshópinn dagsetningu og áætlun fyrir matið. Þó er það á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins að sækjast eftir dagsetningu sem er í samræmi við eftirlits- og endurmatsáætlunina.

7.4. Lögbært yfirvald skal tryggja að matshópurinn fái í hendur viðeigandi viðmiðunarskjöl, fyrri matsskrár og viðkomandi skjöl og skrár frá tækniþjónustunni.

8. Vettvangsmat

Matshópurinn skal framkvæma mat á tækniþjónustunni á athafnasvæði tækniþjónustunnar þar sem einn eða fleiri þættir meginstarfsemi fara fram, og þar sem við á, framkvæma staðfestingarskoðanir á öðrum völdum stöðum þar sem tækniþjónustan starfar.

9. Greining niðurstaðna og matsskýrsla

9.1. Matshópurinn skal greina allar viðeigandi upplýsingar og sönnunargögn sem safnað er þegar farið er yfir skjöl og skrár og í vettvangsmatinu. Þessi greining skal vera fullnægjandi svo hópurinn geti ákvarðað hæfni tækniþjónustunnar og samræmi við kröfur vegna tilnefningar.

9.2. Verklagsreglur lögbæra yfirvaldsins við skýrslugjöf skulu tryggja að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar.

9.2.1. Matshópurinn og tækniþjónustan verða að halda fund áður en farið er af vettvangi. Á þessum fundi skal matshópurinn gefa skriflega og/eða munnlega skýrslu um niðurstöður sínar úr greiningunni. Gefa skal tækniþjónustunni tækifæri til að spyrja spurninga um niðurstöðurnar, þ.m.t. um ósamræmi, ef eitthvað er, og ástæður þess.

9.2.2. Koma skal skriflegri skýrslu þegar í stað á framfæri við tækniþjónustuna. Þessi matsskýrsla skal innihalda athugasemdir um hæfni og samræmi og benda á ósamræmi, ef eitthvað er, sem lagfæra þarf svo farið sé að öllum kröfum vegna tilnefningar.

9.2.3. Tækniþjónustunni skal boðið að bregðast við matsskýrslunni og lýsa þeim sértæku aðgerðum sem gripið hefur verið til eða eru fyrirhugaðar innan tilgreinds tíma til að lagfæra ósamræmi sem bent hefur verið á.

- 9.3. Lögbært yfirvald skal tryggja að farið sé yfir viðbrögð tækniþjónustunnar til að lagfæra ósamræmi til að kanna hvort aðgerðirnar virðist fullnægjandi og skilvirkar. Ef viðbrögð tækniþjónustunnar eru ófullnægjandi skal krefjast frekari upplýsinga. Að auki má krefjast sönnunar þess að aðgerðir sem gripið hefur verið til, hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti, eða framkvæma má framhaldsmat til að sannreyna að aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti.
- 9.4. Í matskýrslunni skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:
- a) sérstakt auðkenni tækniþjónustunnar,
 - b) dagsetning eða dagsetningar vettvangsmatsins,
 - c) nafn eða nöfn úttektarmanna og/eða sérfræðinga sem komu að matinu,
 - d) sérstakt auðkenni allra athafnasvæða sem metin voru,
 - e) fyrirhugað gildissvið tilnefningarinnar sem metið var,
 - f) yfirlýsingu um að innra skipulag og verklagsreglur sem tækniþjónustan hefur samþykkt til að skapa traust á hæfni sinni séu fullnægjandi sem ákvarðað er í ljósi þess hvort hún uppfylli kröfur um tilnefningu,
 - g) upplýsingar um að allt ósamræmi hafi verið lagfært,
 - h) tilmæli um hvort umsækjandi skuli tilnefndur eða staðfestur sem tækniþjónusta og ef svo er gildissvið tilnefningarinnar.

10. Veiting/staðfesting tilnefningar

- 10.1. Viðurkenningaryfirvald skal án ástæðulausrar tafar taka ákvörðun um hvort veita, staðfesta eða framlengja eigi tilnefningu á grundvelli skýrslunnar eða skýrslanna og annarra viðkomandi upplýsinga.
- 10.2. Viðurkenningaryfirvald skal veita tækniþjónustunni vottorð. Þetta vottorð skal innihalda eftirfarandi:
- a) auðkenni og kennimerki viðurkenningaryfirvaldsins,
 - b) sérstakt auðkenni tilnefndu tækniþjónustunnar,
 - c) gildistökudag tilnefningarinnar og daginn sem tilnefningin rennur út,
 - d) stutt yfirlit yfir eða vísun til gildissviðs tilnefningarinnar (gildandi tilskipanir, reglugerðir eða hlutar þeirra),
 - e) samræmisyfirlýsingu og tilvísun til þessarar tilskipunar.

11. Endurmat og eftirlit

- 11.1. Endurmat er áþekkt frummati nema að taka skal tillit til þeirrar reynslu sem aflað hefur verið við fyrra mat. Vettvangsmat sem fer fram í eftirlitsskygni er ekki jafn ítarlegt og endurmat.
- 11.2. Lögbært yfirvald skal útfæra áætlun sína um endurmat og eftirlit með sérhverri tilnefndri tækniþjónustu þannig að dæmigert sýnishorn fyrir gildissvið tilnefningarinnar sé metið reglulega.

Tíminn sem líður á milli þess að vettvangsmat fari fram, hvort sem um er að ræða endurmat eða eftirlit, ræðst af þeim stöðugleika sem sýnt þykir að tækniþjónustan hafi náð.

- 11.3. Ef ósamræmi kemur í ljós við eftirlit eða endurmat skal lögbært yfirvald skilgreina ströng tímamörk fyrir framkvæmd aðgerða til úrbóta.

- 11.4. Ef ekki hefur verið gripið til aðgerða til úrbóta eða endurbóta innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið eða þær teljast ekki fullnægjandi, skal lögbært yfirvald samþykkja viðeigandi ráðstafanir eins og t.d. að framkvæma frekara mat eða fella tímabundið úr gildi/afturkalla tilnefninguna fyrir einn eða fleiri þætti þeirrar starfsemi sem tilnefning tækniþjónustunnar tekur til.
- 11.5. Ef lögbært yfirvald ákveður að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefningu tækniþjónustu skal yfirvaldið tilkynna henni það í gegnum ábyrgðarpóst. Í öllum tilvikum skal lögbært yfirvald samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samfelldni þeirrar starfsemi sem tækniþjónustan vinnur þegar að.
12. **Skrár varðandi sérhverja tilnefnda tækniþjónustu**
- 12.1. Lögbært yfirvald skal halda skrár yfir sérhverja tækniþjónustu til að sýna fram á að kröfur vegna tilnefningar, þ.m.t. hæfni, hafi verið uppfylltar með skilvirkum hætti.
- 12.2. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að skrár varðandi sérhverja tækniþjónustu séu tryggilega geymdar til að varðveita leynd þeirra.
- 12.3. Skrár varðandi tækniþjónustu skulu a.m.k. að innihalda eftirfarandi:
- a) viðkomandi bréfaskipti,
 - b) matsskrár og -skýrslur,
 - c) afrit af tilnefningarvottorðum.
-

3. viðbætur

Almennar kröfur varðandi snið prófunarskýrsla

1. Fyrir hver stjórnvaldsfyrirmæli sem skráð eru í I. hluta IV. viðauka skal prófunarskýrsla uppfylla ákvæði staðalsins EN ISO/IEC 17025:2005. Hún skal einkum innihalda þær upplýsingar sem nefndar eru í lið 5.10.2, þ.m.t. 1. neðanmálsgrein þess staðals.
2. Viðurkenningaryfirvald skal mæla fyrir um mát prófunarskýrslu í samræmi við reglur þess um góðar starfsvenjur.
3. Prófunarskýrslan skal rituð á opinberu tungumáli Bandalagsins sem viðurkenningaryfirvaldið ákvarðar.
4. Ennfremur skulu þar koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkenni ökutækis, íhlutar eða aðskildrar tæknieiningar sem prófuð er,
 - b) nákvæm lýsing á eiginleikum ökutækis, íhlutar eða aðskildrar tæknieiningar í tengslum við stjórnvaldsfyrirmælin,
 - c) niðurstöður mælinga þeirra sem tilgreindar eru í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum, og ef þess er krafist, mörk eða viðmiðunarmörk sem þarf að uppfylla,
 - d) viðeigandi ákvörðun með tilliti til hvorrar mælingar sem nefnd er í c-lið liðar 4: stenst prófun eða stenst ekki prófun,
 - e) nákvæm yfirlýsing um að farið sé að hinum ýmsu ákvæðum sem þarf að uppfylla, þ.e. ákvæði sem ekki krefjast mælinga.

Dæmi úr lið 3.2.2 í I. viðauka við tilskipun 76/114/EBE ⁽¹⁾:

„Athugið að verksmiðjunúmer ökutækis sé staðsett á slíkan hátt að ekki sé hægt að afmá það eða það eyðist“,

skýrslan skal innihalda yfirlýsingu eins og: „staðurinn þar sem verksmiðjunúmer ökutækis er hamrað uppfyllir skilyrði liðar 3.2.2 í I. viðauka“,
 - f) ef prófunaraðferðir aðrar en þær sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsfyrirmælunum eru leyfðar skal skýrslan innihalda lýsingu á þeirri prófunaraðferð sem notuð var til þess að framkvæma prófunina.

Hið sama á við þegar nota má önnur ákvæði í stjórnvaldsfyrirmælunum,
 - g) myndir sem teknar eru meðan á prófun stendur en viðurkenningaryfirvald skal ákvarða fjölda þeirra.

Ef um er að ræða sýndarprófun mega skjámyndargrip eða önnur viðeigandi sönnunargögn koma í stað mynda,
 - h) niðurstöður sem eru teknar saman,
 - i) ef skoðanir og túlkanir hafa verið settar fram skal skjalfesta þær á tilhlýðilegan hátt og merkja sem slíkar í prófunarskýrslu.
5. Þegar prófanir eru framkvæmdar á ökutæki, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu sem, með tilliti til þeirra afkasta sem krafist er, sameinar nokkra óhagstæðustu eiginleikana (þ.e. versta hugsanlega tilvik) skal prófunarskýrslan innihalda tilvísun sem tilgreinir hvernig framleiðandi hafi staðið að valinu með samþykki viðurkenningaryfirvalds.

⁽¹⁾ Stj. 24. EB L 24, 30.1.1976 bls. 1.“

*II. VIÐAUKI**„X. VIÐAUKI***AÐFERÐIR TIL AÐ TRYGGJA SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU****0. Markmið**

- 0.1. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu miðar að því að tryggja að sérhvert framleitt ökutæki, kerfi, íhlutur og aðskilin tæknieining sé í samræmi við viðurkennda gerð.
- 0.2. Aðferðin tekur alltaf til mats á gæðastjórnunarkerfum, sem lýst er í „Frummati“ hér á eftir og sannprófunar á búnaði, sem viðurkenna á, og eftirlits með framleiðslu sem lýst er í „Fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar“.

1. Frummat

- 1.1. Viðurkenningaryfirvald aðildarríkis skal sannprófa að fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðir séu fyrir hendi til að tryggja skilvirkt eftirlit með að íhlutir, kerfi, aðskildar tæknieiningar og ökutæki séu framleidd í samræmi við viðurkennda gerð.
- 1.2. Leiðbeiningar um það hvernig mat skal fara fram má finna í staðli EN ISO 19011:2002 — Leiðbeiningar um úttekt á gæða- og/eða umhverfisstjórnunarkerfum.
- 1.3. Sýna skal yfirvaldinu, sem veitir EB-gerðarviðurkenninguna, fram á að kröfurnar sem um getur í lið 1.1 séu uppfylltar.

Frummatið og upphaflegt fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu, sem um getur í 2. lið í þessum viðauka, skulu vera fullnægjandi að mati sömu yfirvalda, að teknu tilliti, eftir því sem þurfa þykir og við á, til eins eða fleiri þátta þess fyrirkomulags sem lýst er í liðum 1.3.1-1.3.3 hér á eftir.

- 1.3.1. Framkvæmd sjálfs frumattsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar getur hvort heldur sem er verið í höndum viðurkenningaryfirvaldsins eða tilnefnds aðila sem starfar í umboði viðurkenningaryfirvaldsins.
 - 1.3.1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald metur umfang frumattsins sem gera þarf getur það stuðst við fyrirliggjandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:
 - a) vottun framleiðandans, sem lýst er í lið 1.3.3 hér að neðan, hafi hann ekki fengið réttindi eða viðurkenningu samkvæmt þeim lið,
 - b) þegar um er að ræða gerðarviðurkenningu íhluta eða aðskilinna tæknieininga, mat á gæðaeftirlitskerfi sem ökutækjaframleiðandi/-framleiðendur framkvæmir/-kvæma á athafnasvæði framleiðanda íhluta eða aðskilinna tæknieininga í samræmi við eina eða fleiri af forskriftum iðngreinarinnar og sem uppfyllir kröfur samræmds staðals EN ISO 9001:2008.
 - 1.3.2. Framkvæmd sjálfs frumattsins og/eða sannprófun á samræmi framleiðslunnar getur einnig verið í höndum gerðarviðurkenningaryfirvalds annars aðildarríkis eða tilnefnda aðilans sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í þessu skyni
 - 1.3.2.1. Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið í síðarnefnda aðildarríkinu gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða svið og framleiðsluaðstaða var talin skipta máli í sambandi við eftirlit með þeirri vöru sem skal fá gerðarviðurkenningu og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem varan skal gerðarviðurkennd í samræmi við.
 - 1.3.2.2. Viðurkenningaryfirvaldið skal, þegar umsókn um framangreinda samræmisyfirlýsingu berst frá yfirvaldi annars aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu, þegar í stað senda yfirlýsinguna eða lýsa yfir að þau geti ekki gefið út slíka yfirlýsingu.

1.3.2.3. Í yfirlýsingunni skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

- | | | |
|----|------------------------------|--|
| a) | hóp fyrirtækja eða fyrirtæki | (t.d. XYZ bifreiðar) |
| b) | sérstaka deild | (t.d. Evrópudeild) |
| c) | verksmiðjur/framleiðslustaði | (t.d. hreyflaverksmiðja 1 (Breska konungsríkið) —
ökutækjaverksmiðja 2 (Pýskaland)) |
| d) | svið ökutækja/íhluta | (t.d. allar tegundir í flokki M1) |
| e) | atriði sem metin eru | (t.d. samsetning hreyfils, mótun og samsetning yfirbyggingar,
samsetning ökutækis) |
| f) | skoðuð skjöl | (t.d. handbækur fyrirtækis og framleiðslustaðar um gæði og
starfsaðferðir) |
| g) | dagsetningu mats | (t.d. úttekt fór fram frá 18. til 30.5.2009) |
| h) | fyrirhugaða eftirlitsferð | (t.d. október 2010) |

1.3.3. Viðurkenningaryfirvald skal einnig líta svo á að krafan um frummat í lið 1.3. hafi verið uppfyllt ef framleiðandi hefur fengið viðeigandi vottun í samræmi við staðalinn EN ISO 9001:2008 eða jafngildan samræmdan staðal. Framleiðandi skal láta í té upplýsingar um vottunina og skuldbinda sig til að upplýsa viðurkenningaryfirvald um allar breytingar sem kunna að verða gerðar að því er varðar gildistíma hennar eða gildissvið.

1.4. Þegar um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis, þarf ekki að endurtaka frummatið vegna gerðarviðurkenningar kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga heldur nægir mat sem tekur til framleiðslustaðar og starfsemi sem tengist samsetningu ökutækisins í heild og fyrrnefnda matið nær ekki yfir.

2. Fyrirkomulag varðandi samræmi framleiðslunnar

2.1. Ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar, sem viðurkenndar eru í samræmi við þessa tilskipun eða sértilskipun eða reglugerð, skal framleiða í samræmi við þá gerð sem viðurkennd er og fullnægir kröfum þessarar tilskipunar eða viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla sem skráð eru í IV. viðauka.

2.2. Viðurkenningaryfirvald aðildarríkis skal sannprófa að fyrir hendi sé fullnægjandi fyrirkomulag og skjalfestar eftirlitsáætlanir sem samþykktar eru í samráði við framleiðanda fyrir hverja viðurkenningu, en í því felst að gerðar eru, með tilteknu millibili, prófanir og tilheyrandi skoðanir til að sannprófa áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð, þ.m.t. raunverulegar prófanir sem tilgreindar eru í stjórnvaldsfyrirmælum.

2.3. Handhafi gerðarviðurkenningar skal einkum:

2.3.1. ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslunnar (ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum) við viðurkennda gerð,

2.3.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð,

2.3.3. ganga úr skugga um að niðurstöður prófana og athugana séu skráðar og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk á tilteknu tímabili sem ákveðið er með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld. Slíkt tímabil skal ekki vera lengra en 10 ár,

2.3.4. sundurgreina niðurstöður hvernar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu,

2.3.5. ganga úr skugga um, fyrir hverja gerð framleiðslunnar, að a.m.k. þær athuganir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, og prófanir, sem kveðið er á um í viðkomandi stjórnvaldsfyrirmælum, sem skráð eru í IV. viðauka, hafi verið framkvæmdar,

2.3.6. ganga úr skugga um að frekari sýnishorn séu tekin og frekari prófanir gerðar ef þær prófanir eða athuganir, sem gerðar eru, sýna að einhverjar sýnishorna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að samræmi við samsvarandi framleiðslu komist á að nýju,

2.3.7. ef um er að ræða gerðarviðurkenningu ökutækis, skulu athuganirnar sem um getur í lið 2.3.5 samanstanda hið minnsta af því að sannprófa réttar forskriftir að því er varðar smíði í tengslum við viðurkenninguna og þær upplýsingar sem krafist er fyrir samræmisvottorð, sem gefnar eru upp í IX. viðauka.

3. **Fyrirkomulag við áframhaldandi sannprófun**
- 3.1. Yfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi sem beitt er í hverri framleiðsluáðstöðu.
 - 3.1.1. Að öðru jöfnu ber að fylgjast með því að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið í þessum viðauka (frummat og samræmi framleiðslunnar), verði áfram skilvirkar.
 - 3.1.1.1. Líta ber svo á að eftirlit, sem tækniþjónusta (sem hefur réttindi eða er viðurkennd í samræmi við kröfurnar í lið 1.3.3) sinnir, uppfylli kröfurnar í lið 3.1.1 að því er varðar þær aðferðir sem ákveðnar eru við frummat.
 - 3.1.1.2. Eðlileg tíðni sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 3.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að eftirlitið, sem beitt er skv. 1. og 2. lið, sé endurskoðað eftir hæfilega langan tíma miðað við það hve mikið traust ríkir milli framleiðanda og viðurkenningaryfirvalds.
 - 3.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir eða athuganir og framleiðsluskýrslur vera skoðunarmanni tiltækar; einkum þær skýrslur um prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 2.2.
 - 3.3. Skoðunarmanni er heimilt að velja sýnishorn af handahófi sem síðan skulu prófuð á rannsóknarstofu framleiðanda eða starfsstöð tækniþjónustunnar. Í slíku tilviki skal eingöngu framkvæma raunverulega prófun. Lágmarksfjöldi sýnishorna er heimilt að ákvarða í samræmi við niðurstöður í sannprófun framleiðanda sjálfs.
 - 3.4. Ef eftirliti virðist ábótavant eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi prófananna sem framkvæmdar voru samkvæmt lið 3.2 skal skoðunarmaður velja sýnishorn til að senda tækniþjónustunni til að framkvæma raunverulegar prófanir.
 - 3.5. Ef niðurstöður skoðunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.“

III. VIÐAUKI

XV. VIÐAUKI

STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI ÞAR SEM TILNEFNA MÁ FRAMLEIÐANDA SEM TÆKNIÞJÓNUSTU

0. **Markmið og gildissvið**

- 0.1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli þar sem tilnefna má framleiðanda sem tækniþjónustu í samræmi við 6. mgr. 41. gr.
- 0.2. Í honum er einnig að finna viðeigandi ákvæði varðandi tilnefningu framleiðanda sem tækniþjónustu, sem beitt er innan ramma gerðarviðurkenningar ökutækja, ihluta og aðskildra tæknieininga sem falla undir I. hluta IV. viðauka.
- 0.3. Hann á þó ekki við um framleiðendur sem sækja um viðurkenningu lítillar framleiðsluraðar í samræmi við 22. gr.

1. **Tilnefning framleiðanda sem tækniþjónustu**

- 1.1. Framleiðandi sem tilnefndur er sem tækniþjónusta er framleiðandi sem viðurkenningaryfirvald hefur tilnefnt sem prófunarstofu til að annast viðurkenningarprófanir fyrir þess hönd í merkingu 31. liðar í 3. gr.

Í samræmi við 6. mgr. 41. gr. má aðeins tilnefna framleiðanda sem tækniþjónustu fyrir starfsemi í flokki A.

- 1.2. Orðalagið „að annast prófanir“ takmarkast ekki við mælingar á frammistöðu heldur nær það einnig til skráningar niðurstaðna úr prófunum og afhendingar skýrslu, sem inniheldur viðeigandi niðurstöður, til viðurkenningaryfirvalds.

Það nær til eftirlits með því að farið sé að þeim ákvæðum sem krefjast ekki nauðsynlega mælinga. Þetta á við um mat á hönnuninni með tilliti til lagalegra krafna.

Til dæmis ber að skilja „athugið að farið sé að ákvæðum í lið 5.10 í I. viðauka við tilskipun 70/221/EBE um staðsetningu eldsneytisgeymis í ökutæki“ sem hluta af því „að annast prófanir“.

2. **Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli og takmarkanir**

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðfangsefni
4.	Tilskipun 70/222/EBE	Flötur fyrir skráningarkerki að aftan
7.	Tilskipun 70/388/EBE	Hljóðmerki
18.	Tilskipun 76/114/EBE	Lögboðnar merkiplötur
20.	Tilskipun 76/756/EBE	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar
27.	Tilskipun 77/389/EBE	Dráttarkrókar
33.	Tilskipun 78/316/EBE	Auðkenning stjórnækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar
34.	Tilskipun 78/317/EBE	Afísing/móðuhreinsun
35.	Tilskipun 78/318/EBE	Sprautur/þurrkur
36.	Tilskipun 2001/56/EB	Hitakerfi Að undanskildum ákvæðum í VIII. viðauka í tengslum við kröfur varðandi uppsetningu hitakerfa sem brenna fljótandi jarðolíugasi í ökutæki.
37.	Tilskipun 78/549/EBE	Hjólhlífar
44.	Tilskipun 92/21/EBE	Massar og mál (bifreiðar)

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðfangsefni
45.	Tilskipun 92/22/EBE	Rúður úr öryggisglæri Takmarkast við ákvæði í 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43.
46.	Tilskipun 92/23/EBE	Hjólbarðar
48.	Tilskipun 97/27/EB	Massar og mál (önnur ökutæki en þau sem um getur í lið 44)
49.	Tilskipun 92/114/EBE	Útstæðir hlutar á stýrishúsum
50.	Tilskipun 94/20/EB	Tengingar Takmarkast við ákvæði í V. (til og með 8. lið) og VII. viðauka
61.	Tilskipun 2006/40/EB	Loftræstikerfi

*Viðbætur***Tilnefning framleiðanda sem tækniþjónustu****1. Almenn**

- 1.1. Tilnefning og tilkynning um framleiðanda sem tækniþjónustu skal vera gerð í samræmi við ákvæði 41., 42. og 43. gr. sem og með hagnýtum ráðstöfunum sem er að finna í þessum viðbæti.
- 1.2. Framleiðandinn skal vera faggiltur samkvæmt staðli EN ISO/IEC 17025:2005 — Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa.

2. Undirverktakastarfsemi

- 2.1. Í samræmi við ákvæði fyrstu undirgreinar 6. mgr. 41. gr. má framleiðandi tilnefna undirverktaka til þess að framkvæma prófanirnar fyrir sína hönd.

Litið skal svo á að undirverktaki sé:

- a) annað hvort dótturfélag sem framleiðandi treystir fyrir prófunarstarfsemi inni eigin fyrirtækis, eða
 - b) þriðji aðili sem er samningsbundinn framleiðanda um að annast prófunarstarfsemi.
- 2.2. Að leita til þjónustu undirverktaka leysir framleiðanda ekki undan þeirri skyldu að fara að ákvæðum 41. gr., einkum þeim er snúa að færni tækniþjónustunnar og samræmi við staðal EN ISO/IEC 17025:2005.
 - 2.3. Ákvæði 1. liðar XV. viðauka gilda um undirverktaka.

3. Prófunarskýrsla

Prófunarskýrslur skal semja í samræmi við þær almennu kröfur sem settar eru fram í 3. viðbæti við V. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

IV. VIÐAUKI

XVI. VIÐAUKI

SÉRSTÖK SKILYRÐI SEM KRAFIST ER AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SÝNDARPRÓFUNARADFERÐIR OG STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI SEM HEIMILA FRAMLEIÐANDA EÐA TÆKNIÞJÓNUSTU AÐ BEITA SÝNDARPRÓFUNARADFERÐUM

0. **Markmið og gildissvið**

Í þessum viðauka er mælt fyrir um viðeigandi ákvæði um sýndarprófanir í samræmi við 3. mgr. 11. gr.

Hann gildir ekki um annan undirlið 2. mgr. 11. gr.

1. **Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli**

Nr.	Tilvisun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðfangsefni
3.	Tilskipun 70/221/EBE	Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn
6.	Tilskipun 70/387/EBE	Læsingar dyra og lamir
8.	Tilskipun 2003/97/EB	Búnaður til að auka sjónsvið
12.	Tilskipun 74/60/EBE	Innréttingar
16.	Tilskipun 74/483/EBE	Útstæðir hlutar
20.	Tilskipun 76/756/EBE	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar
27.	Tilskipun 77/389/EBE	Dráttarkrókar
32.	Tilskipun 77/649/EBE	Sjónsvið fram á við
35.	Tilskipun 78/318/EBE	Sprautur/þurrkur
37.	Tilskipun 78/549/EBE	Hjólhlífur
42.	Tilskipun 89/297/EBE	Hliðarvörn
49.	Tilskipun 92/114/EBE	Útstæðir hlutar á stýrishúsum
50.	Tilskipun 94/20/EB	Tengingar
52.	Tilskipun 2001/85/EB	Hópbifreiðar
57.	Tilskipun 2000/40/EB	Undirakstursvörn að framan

*1. viðbætur***Almenn skilyrði fyrir sýndarprófunaraðferðir****1. Sýndarprófunarmynstur**

Eftirfarandi kerfi skal nota sem grunn að lýsingu og framkvæmd sýndarprófanna:

- a) tilgangur,
- b) formgerð líkans,
- c) jaðarskilyrði,
- d) álagsforsendur,
- e) útreikningar,
- f) mat,
- g) skjalfesting.

2. Grunnatriði tölvuhermunar og útreikninga**2.1. Reiknilíkan**

Framleiðandi skal leggja fram reiknilíkan. Það skal endurspegla hversu flókin formgerð ökutækis, kerfis og ihluta sem á að prófa er í tengslum við kröfur stjórnvaldsfyrirmæla og jaðarskilyrða þess.

Sömu ákvæði skulu eiga við að breyttu breytanda um prófanir ihluta eða tæknieininga óháð ökutækinu.

2.2. Fullgildingarferli reiknilíkans

Fullgilda skal reiknilíkanið með samanburði við raunveruleg prófunarskilyrði.

Því skal framkvæma raunverulega prófun í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður sem fást þegar reiknilíkanið er notað við niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandi eða tækniþjónusta skal semja fullgildingarskýrslu og leggja fyrir viðurkenningaryfirvald.

Athygli viðurkenningaryfirvalds skal vakin á sérhverri breytingu sem gerð er á reiknilíkani eða hugbúnaði sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrslu, sem kann að krefjast þess að nýtt fullgildingarferli fari fram.

Flæðirit fullgildingarferlis er sýnt í 3. viðbæti.

2.3. Skjalfesting

Gögn og hjálpartæki sem notuð eru við hermunina og útreikninginn skal framleiðandi gera tiltæk og skjalfesta á viðeigandi hátt.

3. Tæki og aðstoð

Framleiðandi skal, að beiðni tækniþjónustu, veita aðgang að nauðsynlegum tækjum, þ.m.t. viðeigandi hugbúnaður,

Að auki skal hann veita tækniþjónustunni viðeigandi stuðning.

Að veita aðgang og aðstoð leysir tækniþjónustu ekki undan skyldum að því er varðar færni starfsfólks, greiðslu leyfisréttinda og virðingu við trúnað.

2. viðbætur

Sérstök skilyrði varðandi sýndarprófunaraðferðir

1. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli

	Tilvisun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðauki og málsgrein	Sérstök skilyrði
3.	Tilskipun 70/221/EBE	II. viðauki (undirakstursvörn að aftan) Liður 5.4.5	
6.	Tilskipun 70/387/EBE	II. viðauki Liður 4.3	
8.	Tilskipun 2003/97/EB	III. viðauki Öll ákvæði í liðum 3., 4. og 5	Sjónsvið baksýnispegla sem mælt er fyrir um
12.	Tilskipun 74/60/EBE	I. viðauki Öll ákvæði í lið 5 (Forskriftir)	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.
		II. viðauki	Ákvörðun höggsvæðis höfuðs
16.	Tilskipun 74/483/EBE	I. viðauki Öll ákvæði í lið 5 (Almennar forskriftir) og lið 6 (Sérstakar forskriftir).	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.
20.	Tilskipun 76/756/EBE	Liður 6 (Einstakar forskriftir) reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.	Prófunaraksturinn, sem kveðið er á um í lið 6.22.9.2.2, skal framkvæmdur á raunverulegu ökutæki.
		Ákvæði 4., 5. og 6. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48.	
27.	Tilskipun 77/389/EBE	liður 2 í II. viðauka.	
32.	Tilskipun 77/649/EBE	Liður 5 (Forskriftir) í I. viðauka.	
35.	Tilskipun 78/318/EBE	I. viðauki	Liður 5.1.2 Einungis mælingar á svæðinu sem rúðupurrkur hreinsa.
37.	Tilskipun 78/549/EBE	Liður 2 (Sérstakar kröfur) í I. viðauka	
42.	Tilskipun 89/297/EBE	Liður 2.8 í I. viðauka	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.
49.	Tilskipun 92/114/EBE	I. viðauki Öll ákvæði í lið 4 (Sérstakar kröfur). Hvað varðar ökutæki í flokki N1 gilda ákvæði sem vísað er til í 16. lið í þessum viðbæti.	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðauki og málsgrein	Sérstök skilyrði
50.	Tilskipun 94/20/EB	V. viðauki „Kröfur fyrir véltengibúnað“	Öll ákvæði í 1. og 8. lið eiga við.
		Liður 1.1. í VI. viðauka	Sýndarprófanir mega koma í stað styrktarprófana véltengja af einfaldri hönnun.
		Liður 4 í VI. viðauka „Prófun véltengibúnaðar“	Liður 4.5.1. (Styrkleikaprófun), 4.5.2. (Sveigjutregða) og 4.5.3. (Beygjukraftvægistregða) eingöngu.
52.	Tilskipun 2001/85/EB	I. viðauki	Liður 7.4.5 Stöðugleikaprófun samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í viðbætinum við I. viðauka.
		IV. viðauki Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar	4. viðbætur — Sannprófun styrks burðarvirkis yfirbyggingar með útreikningi.
57.	Tilskipun 2000/40/EB	Liður 3 í 5. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 93.	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.

3. viðbætur

Fullgildingarferli

